

**Nd.**

#### **94. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um dýrtiðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs.

Frá fjárveitinganefndinni.

Alþingi hafa borist umsóknir og umkvartanir frá því nær öllum embættis- og sýslunarmönnum landsins, þess efnis, að vegna hinnar ströngu dýrtiðar og hins gifurlega verðfalls peninga — en í þeim taka þeir laun sín — sjöu erfiðleikar á allri afkomu orðnir svo miklir, að eigi verði klofnir, nema veitt verði almenn uppbót öllum þeim, er laun taka úr landssjóði. Fjárveitinganefndin, er fengið hefir mál þetta til meðferðar, er á einu máli um það, að eigi verði hjá því komist að taka kröfur þessar, er hún telur rjettmætar, að einhverju leyti til greina, þar sem þjóðkunnugt er, að lífsnauðsynjar hafa, síðan er ófriðurinn byrjaði og dýrtiðin hófst, stigið í verði að stórmiklum mun, til jafnaðar, með vissu, um 70% eða meira. Allitarleg greinargerð þessa, og jafnframt ástæður fyrir óhjákvæmilegri dýrtiðaruppbót, felast í fylgiskjölum þeim (II., III. og IV.), sem prentuð eru með nefndaráliti þessu, og getum vjer látið oss nægja að visa til þeirra hjer að lútandi.

Þótt nefndin hafi þannig fallist á rjettmæti þessara krafna og hina miklu þörf hjá öllum þorra starfsmanna landsins fyrir bráða hjálp, hefir hún þó ekki sjeð sjer fært að leggja til, að Alþingi veiti uppbót svo háa, sem krafist er, nje heldur öllum launamönnum jafnt.

Í fyrsta lagi er það tillaga nefndarinnar, að málið verði afgreitt á þessu aukapingi með *þingsályktun*, er heimili landssjórninni að greiða starfsmönnum landsins ákveðna dýrtiðaruppbót fyrir árið sem leið, 1916, að eins, og gildi lögin frá þinginu 1915 áfram (l. nr. 23, 3. nóv. 1915), en nefndin ætlar reglulegu Alþingi í sumar að taka fullnaðarákvörðun um dýrtiðaruppbætur yfirleitt, á meðan þetta ástand rikir.

Í öðru lagi hefir nefndin ekki getað lagt til, að dýrtiðaruppbót yrði hærri en 50%, og þó að eins hjá þeim, sem lægst eru launaðir, og hámark launahæðar, er uppbót veitist af, setur hún 4500 kr. Er það ljóst, að hjer er ekki framkvæmt fult rjettlæti, en þó veittur styrkur dágóður, þeim einkum, sem líkur eru til að erfiðast eigi, en það eru láglaunamennirnir.

Þessa þingsályktun ber í raun rjettri að skoða sem viðbót við lögin frá 1915, að því er árið 1916 snertir, en frábrugðin er hún lögunum í því einkanlega, hve *miklu viðtækari* hún er. Samkvæmt henni eiga *allir* embættis- og sýslunarmenn landsins, undantekningarlaust, andlegir og veraldlegir, að fá uppbót á kaupí sínu, hvernig svo sem ástæður þeirra að öðru leyti eru, ef laun þeirra fara eigi fram úr hinu setta hámarki. Nefndin taldi alveg ógerlegt að skilja þar sauðina frá höfrunum, enda eigi sem rjettlátast. Allir kennarar við landsskólana og aðra skóla, er styrks njóta úr landssjóði, takast og með, þar

með svo sem allir barnakennarar. Virtist nefndinni eigi verða hjá þessu komist, þar sem þessir menn myndu enga uppbót fá annarsstaðar frá, en fjárhæð sú, er til þessa gengi, skifti eigi allmiklu máli. — Hjer við skal þess getið, að nefndin ætlast til, að þeir, sem gegna starfinu, verði uppbótarinnar aðnjótandi, en eigi sá, er kynni að teljast fyrir stöðunni, er svo stendur á eins og t. d. við Kennaraskólann, þar sem kennarastarfi dr. Björns Bjarnasonar gegna þeir Sigurður magister Guðmundsson og Halldór kandidat Jónasson, samkvæmt skýrslu skólastjóra, og ber þeim þá uppbótin af launum þeim, sem hann er talinn fyrir.

Enn telur nefndin rjett, að undir uppbótarákvæði þingsályktunarinnar komi starfsmenn þeirra fjelagsstofnana, er styrks njóta af landsfje, þar með einkanlega átt við Búnaðarfjelag Íslands og búnaðarsamböndin, svo og Fiskifjelag Íslands. Og sjálfsgagt er, að allir þeir njóti uppbótarinnar, er laun sín taka úr landssjóði, þótt eigi sjeu þeir ráðnir af landsstjórninni beinlínis, svo sem mun vera um landsfjehirði og skrifstofustjóra Alþingis.

Það rjettlætisverk hefir nefndin talið sjer skylt að framkvæma, að taka með öðrum launamönnum, er dýrtiðaruppbót fá, alt eftirlaunafólk, enda verður eigi um of fjár að ræða til þessarar uppbótar. En styrkþegum landsins eftir fjárlögum hefir nefndin ekki getað orðið ásátt um að ætla neina uppbót, en telur fjárlagaþingi næsta sumars skylt að gera einhverja ákvörðun um þetta atriði. Til sama þings vill hún og að biði væntanlegar styrkuppþætur allar til stofnana og rekstrar þeirra, og hefir því visað frá sjer um sinn öllum beiðnum um þetta, sem nefndinni hafa borist frá skólum o. s frv.

Annars gerir nefndin ráð fyrir, að sjálfstæðar stofnanir, eins og t. d. Landsbankinn, verði eigi eftirbátar annara vinnuveitenda, en greiði starfsmönnum sínum uppþætur á kaupí a. m. k. í samræmi við ákvæði þau, er landssjóð gilda, svo sem í framkvæmdinni mun hafa verið eftir uppbótarlöggunum frá 1915. En nauðsyn hefir þó virst á því, að sjerstakt ákvæði væri um þá sýslunarmenn bankans, sem eigi eru ráðnir af stjórn hans, á þann hátt, sem síðasti liður þingsályktunarinnar greinir.

Ákvörðun dýrtiðaruppbótarinnar sýnir þingsályktunartillaga nefndarinnar. Um útreikning hennar skal tekið fram, að nauðsynlegt hefir þótt að ákveða, í samræmi við lögín frá 1915, að aukatekjur embættismanns — eða önnur hlunnindi — af embætti hans teljist með launum hans föstum, og eins að saman sjeu lögð laun sama manns af landsfje fyrir fleiri starfa, og reiknast uppbótin af því samantöldu. — Eins og reikningur dr. Ólafs Danielssonar, sem prentaður er með nefndarálitinu sem fylgiskjal I, ber með sjer, þá ætlast nefndin til, að jöfn fallandi sje á uppbótum af launahæðum þeim, sem á milli eru hinna tilteknu upphæða, er uppbótarprósentan miðast við. Er sú niðurjöfnun sanngjörnust.

Loks er þess að gæta, þegar litið er til fjárhæðar þeirrar, sem greiða verður úr landssjóði í dýrtiðaruppbót samkvæmt þingsályktunartillöggunni — nákvæmlega er eigi kleift að reikna hana út um sinn, en líklega má áætla hana eitthvað á 3ja hundrað þús. króna — að þar frá dregst þegar veitt uppbót fyrir liðið ár. eftir dýrtiðaruppbótarlöggunum frá 1915, hjá þeim embættis- og sýslunarmönnum, er undir þau lög falla. Þar af leiðandi er viðbótarupp-

bótin hjá þessum mönnum eigi sú, er hundraðstölur þingsályktunarinnar til-  
visa, heldur allmiklu minni.

Að öðru leyti mun verða í framsögu málsins gerð nánari grein fyrir  
áliti og tilætlun nefndarinnar um dýrtiðaruppbótarmálið, eftir því sem atvik  
gefa tilefni til.

Alþingi, 6. jan. 1917.

Gisli Sveinsson,      Matthías Ólafsson.      Magnús Pjetursson.  
skrifari og framsögumaður.

Bjarni Jónsson frá Vogu.  
(Með fyrirvara um styrkþega landssjóðs.).

Jón Jónsson.  
(Með fyrirvara).

Sigurður Sigurðsson.  
(Með fyrirvara).

### Fylgiskjal I.

A.

Ef gert er ráð fyrir því, að menn, sem hafa 1500 kr. í laun, skuli fá 50% uppbót, þeir, sem hafa 2500 kr., fái 40%, þeir, sem hafa 3500 kr., fái 25% og þeir, sem hafa 4500 kr., 5%, verður «skalinn» *jafnastur* með því að reikna prósenturnar eftir líkingunni.


$$y = \frac{2225 - x^2}{40}$$

þar sem  $x$  þýðir hundraðafjöldann, sem maðurinn hefir í laun, og  $y$  uppbót-arprósentuna. Hjer fylgir tafla yfir gildin á  $y$ , þegar  $x$  hefir gildin 15, 16, 17 . . . . 45. Ennfremur boglina, sem sýnir, hvernig prósentan fellur jafnast með hækkandi launum. Jeg læt þess getið, að sjálfsagt mundi hvorugan aðila draga það verulega, þó að tugabrotunum, fyrir einfaldleika sakir, væri slept.

$x$ (hdr.)	$y$ (%)	$x$ (hdr.)	$y$ (%)
15	50,000	30	33,125
16	49,225	31	31,600
17	48,400	32	30,025
18	47,525	33	28,400
19	46,600	34	26,725
20	45,625	35	25,000
21	44,600	36	23,225
22	43,525	37	21,400
23	42,400	38	19,525
24	41,225	39	17,600
25	40,000	40	15,625
26	38,725	41	13,600
27	37,400	42	11,525
28	36,025	43	9,400
29	34,600	44	7,225
		45	5,000

Ó. D.

$$\text{Likingin: } y = \frac{2225 - x^2}{40}$$



## Fylgiskjal II.

Til ráðherra Íslands.

Um leið og jeg virðingarfylst er að senda ráðherranum ýms skjöl og símskeyti með öðru brjefi, skal jeg taka fram helstu ástæður fyrir 70% dýrtíðar-viðbótinni, sem farið er fram á.

Borgunin til daglaunamanna sýnir oftast, hve lífsnaðsynjar eru í háu verði; hún er svo lág, að ef þær hækka, hrökkva ekki sömu launin, sem áður hrukku; þá verður að hækka þau. Um þessi laun eru til ófullkomnar skýrslur (LHsk. 1912, bls. 400—404), en fullkomnari skýrslur veit jeg ekki hvar er að finna. Þar er sagt, að kaup daglaunamanna hafi verið 21—22 aurar um tímann 1898. Enn fremur að tímaborgun hafi verið 32—34 aurar 1912, og undanfarandi 5 ára meðaltal 1 eyri lægra. 1914 höfðu verkamenn fund í ágúst með vinnuveitendum í Reykjavík og fengu tímaborgunina færða upp í 40 aura um tímann. 1916 fengu þeir það hækkað upp í 45 aura um tímann, með töluverðum vildarkjörum fyrir aukavinnu, nætur- og sunnudagavinnu. Frá 1898—1916 hækkar tímaborgunin úr 21¼ upp í 45 aura eða um 105%, þótt ekkert tillit sje tekið til hærri borgunar fyrir sunnudagavinnu, yfirvinnu og næturvinnu.

Af verðhækkun á nauðsynjum er það í stuttu máli að segja, um leið og vitnað skal í LHsk. 1912, bls. 409—11, að til þess að kaupa almennar lífsnaðsynjar, sem fengust árið 1898 fyrir . . . . 1000 kr.

þurfti 1912 . . . . . 1450 —

í júní 1914 . . . . . 1650 —

og í okt. 1916 . . . . . 2350 —

Hækkunina frá 1912 til 1914 er jeg óvissari um en hinar. Alla þessa verðhækkun hafa embættismenn og starfsmenn mátt bera ár eftir ár, þeir sem lengi hafa verið í embættum eða lengi gegnt störfum. Þeir hafa árum saman orðið að minka kröfurnar til lífsgæða, þeir hafa árum saman orðið að reyna að fá sjer meiri og meiri aukatekjur, sem oftast reynist erfitt eða óvinnandi vegur, og þeir hafa að sjálfsögðu orðið að taka lán, sem alltaf verður erfiðara og ómögulegra að borga aftur en áður var.

Síðasta Alþingi gaf út lög um verðhækkunartoll, sem stóð í nánú sambandi við dýrtíðaruppbót til embættis- og starfsmanna landssjóðsins. Framleiðendur, sem greitt hafa verðhækkunartollinn, heimta sumir, og það með gildum rökum, að mjer sýnist, að hann gangi til að bæta embættismönnum og starfsmönnum landssjóðs upp þann stórskaða, sem þeir bíða af dýrtíðinni. Allar aðrar stjettir í landinu græða — sumir — störfje, þeir menn, sem lifa á peningalaunum í þjónustu einstakra manna, fá yfir höfuð að tala orðalaust launabætur. Daglaunamenn hafa fengið minst 105% uppbót án

verkfalls, en með samtökum, en embættis- og starfsmannastjettin verður fátækari og fátækari með hverju ári. Þeirra kjör eru orðin mestu neyðarkjör, sem er þess tilfinnanlegra fyrir þá, sem þeir gátu gert sjer vonir um sömu lífskjör, sem betri hluti borgarastjettarinnar átti við að búa. Tveir sýslumenn hafa sagt við mig nýlega: Ef jeg ræki embættið með þeim kostnaði, sem þyrfti til að reka það vel, þá hefði jeg ekkert eftir handa mjer sjálfum til að lifa af. Krafan um að verðhækkunartollurinn gangi til þessa málefnis er mjög í augum uppi og sanngjörn. Árið 1915 innheimtist upp í verðhækkunartoll . . . . . kr. 178.054.00  
Til 1. des. 1916 voru greiddar í landssjóð upp í verðhækkunartoll — 434.733.00  
Innheimt samtals til 1. desember . . . . . kr. 612.787.00  
Öll dýrtíðaruppbótin til 1. desember 1916 var . . . . . — 17.981.00  
Afgangs eftir . kr. 594.806.00

Dýrtíðaruppbótin frá Alþingi 1915 verður að líkindum árið 1917 kr. 17.200.00.

Verðhækkunartollurinn 1916 verður líklegast 650.000—700.000 kr., þegar búið er að flytja allar tollskyldar afurðir út, sem ekki verður fyr en á næsta ári. 6. des. var verið að skipa út 10.000 tunnum af sild á Akureyri. Við þann verðhækkunartoll, sem búið var að greiða 1. desember, má vænta að bætist enn á þessu ári nokkrir tugir þúsunda, auk þess sem kemur fyrst næsta ár.

Tekjur landssjóðs voru árið 1915 . . . . . kr. 2831.000.00  
Þær eru gerðar svo upp, að þær munu ekki breytast að neinum mun. Útgjöldin eru ekki gerð upp nákvæmlega enn þá, en sje greiðslunni til Landsbankans og upphæðum, sem gengið hafa úr landssjóði til verslunarinnar, haldið fyrir utan, munu þau verða hjer um bil. . . . . — 2428.000.00

Væntanlegur afgangur 1915 . kr. 403.000.00

Jeg veit, að það er ofsneamt að giska á, hvað tekjuafgangurinn 1916 muni verða, en hann ætti, eftir því sem mjer finst, að verða 700.000 kr. eða jafnvel meiri með þeim útflutningsprisum og útgjöldum, sem nú eru.

Í sjóði er nú þegar þetta er skrifað:

Hjá landsfjehirði . . . . . kr. 100.000.00  
— stjórnarráðinu . . . . . — 280.000.00  
í Landsbankanum . . . . . — 34.000.00  
- Íslandsbankanum . . . . . — 400.000.00

Handbærir peningar í sjóði . kr. 814.000.00

Í svipinn á landssjóður úti í verslun landssjóðsins c. 430.000 kr., sem koma inn á sinum tíma og sem jafnframt mætti telja viðauka við sjóðinn.

Eins og tekjurnar 1915 eru 2 miljónum hærri en árstekjurnar voru fyrir 13 árum, eins er þessi peningaförði miklu hærri en nokkur landshöfðingi eða Íslandsráðherra á undan yður hefir getað gefið þinginu skýrslu um.

14. desember 1916.

Virðingarfylst

Indr. Einarsson.

### Fylgiskjal III.

#### LANDLÆKNIRINN.

Reykjavík 6. des. 1916.

Hjer með leyfi jeg mjer alvarlega að vekja athygli hins háa stjórnarráðs á því, að launakjör lækna eru orðin öldungis óviðunandi, svo að til stórra vandræða horfir.

Með lögum 13. okt. 1899 voru stofnuð 42 læknishjeruð. Í læknaskipunarlögum 16. nóv. 1907 urðu hjeruðin 43. Með lögum nr. 58, nr. 59 og nr. 60, 1909, var þremur hjeruðum bætt við, og loks því fjórða, með lögum nr. 40, 1911, svo að nú eru hjeruðin orðin 47. — Vegna landshátta tel jeg óráðlegt að fækka þeim aftur að nokkrum mun, tel t. d. ófært að leggja niður Öxarfjarðarhjerað, þó að það hafi nú komið til máls. Tel hins vegar mjög óráðlegt, vegna fólksfæðar, og líka óþarft, að fjölga hjeruðunum frekar en komið er. En jeg verð nú að krefjast þess, að því sé veitt full eftirtekt, að síðan 1899 og alt til þessa dags hafa *aldrei* fengist læknar í öll læknahjeruð landsins; ávalt hafa einhver þeirra verið læknislaus, og stundum árum saman. Þetta er þeim mun athugasemjaverðara, þegar þess er gætt, að öll önnur opinber störf hjer á landi hafa þó verið svo launuð, að þar er enginn hörgull á mönnum og hefir ekki verið, heldur þvert á móti, oftast margir um boðið, þegar eitthvað hefir losnað.

Þessi 17 ára staðfasta reynsla er augljós og óhrekjandi sönnun fyrir því, að læknaembættin eru yfirleitt stórum óaðgengilegri en allar aðrar opinberar sýslanir á landi hjer.

En nú tekur þó út yfir síðan styrjöldin hófst. Nú eru peningar fallnir í verði um fullan helming frá því sem var fyrir nokkrum árum. Má sjá órækar sannanir fyrir því í skýrslum hagstofunnar um peningaverð á öllum lífsnauðsynjum þá og nú.

Það má því með sanni segja og verður ekki með nokkru móti hrakið, að laun lækna hafa færst niður um fullan helming á fáum árum. Og sama er að segja um þá borgun, sem hjeraðslæknum er ætluð fyrir læknishjálp. Dýrtíðaruppbót síðasta Alþingis má heita einskis virði í hlutfalli við þessa gifurlegu launalækkun.

Nú er mjer að visu ljóst, að sama má segja um alla aðra embættismenn og starfsmenn þjóðarinnar, að laun þeirra hafa lækkað um helming sökum peningaverðfallsins.



En hve nær sem að því kemur, að þing og stjórn tekur sig til og bætir úr því harðrjetti, þá má ekki gleyma þessu, sem fyr var getið og fullsannað, að læknaþjettin er langverst sett.

Því er ekki að neita, að sum hjeraðslæknisembættin hafa verið all-lifvænleg fyrir duglega menn, en þó ekki svo, að nokkur hjeraðslæknir hafi borið líkt því eins mikið út bítum eins og t. d. þeir lögreglustjórar, sem mestar tekjur hafa af embættum sínum. En það mega þó allir vita, að undirbúningsnám lækna er lengra en lögræðinga, erfiðara og kostnaðarsamara. Og þess ber vel að gæta, að það er afskaplega ófrjáls og lýjandi staða að vera læknir í stóru hjeraði. Þess vegna endast lækna illa, eins hjer sem í öðrum löndum.

Þegar ræða er um launakjör islenskra embættismanna, þá tjáir ekki lengur að draga dul á það, að embættisaldur lækna er og verður jafnan miklum mun lægri en embættisaldur annara embættismanna, t. d. presta og sýslumanna. Þeim mun betur þarf að gera við lækna. Og þess vegna væri það t. d. afskaplega vanráðið að svifta hjeraðslækna eftirlaunarjetti, þeim hlunnindum, sem þó vafalaust einna helst hafa laðað menn að þessum ófrjálsu og illa launuðu embættum.

Jeg vjek að því, að sum hjeraðslæknisembættin hefðu verið lifvænleg. En hin eru þó miklu fleiri, sem ávalt hafa verið öldungis óboðleg mönnum, er þurfa jafnmikla og kostnaðarsama undirbúningsmentun. Sífelt hefi jeg orðið þess var á eftirlitsferðum mínum undanfarin ár, að ungir og duglegir hjeraðslækna eru harðóánægðir með kjör sín, og iðrast þess, að hafa ekki valið sér annan atvinnuveg. Hver dugmikill hjeraðslæknir sjer nú hvivetna í kringum sig engu dugmeiri menn og miklu mentunarminni hafa margfalt meira upp úr atorku sinni en þeir geta nokkurn tíma gert sjer von um.

Þess vegna er það, að læknaþjeruðin hafa ávalt einhver verið læknaíslaus.

Þess vegna er það, að margir duglegustu læknaþerir, sem þjóðin hefir alið á síðari árum, hafa því miður ekki viljað líta við læknaembættunum, heldur leitað sjer frjálsrar atvinnu við læknaísstörf utanlands eða innan.

Þess vegna er og það, að ýmsir dugandi hjeraðslækna hafa nú iðulega orð á því við mig, að þá langi til, þó hart sje, að stinga sinni kostþæru læknaísment undir stól og leita sjer einhverrar annarar atvinnu, sem þeri meiri arð en þessi vesölu embætti. Hverjum ungum og dugandi manni eru margir vegir færir. Núna í sumar hitti jeg t. d. á embættisferð minni ungan hjeraðslækna, dugandi mann, og var efst í honum að segja af sjer embættinu og fara að búa sveitabúi. Nokkrum dögum síðar kom jeg til annars efnismanns, sem farinn var að leggja stund á sjávarútveg, til þess að komast úr sultarþröggum embættisins, og er jeg við því búinn, að hann — ungur og efnilegur hjeraðslæknir — losi sig þá og þegar úr arðlausu embættishaftinu og gerist útvegsbóndi. Einn hjeraðslæknaþerinn, mjög merkur maður, segir líka í símskeyti til mín, dags. 28. f. m., að það sje »alt útlit fyrir, að hann neyðist til að leita sér arðvænlegri atvinnu, til þess að safna ekki stórskuldum«. Það símskeyti fylgir þessu þrjefi ásamt fleirum, er síðar verður getið.

Nú er það kunnugra en frá þurfi að segja, að alþýða manna hefir sótt það mjög fast, að læknaþerir yrði fjölgað sem mest, og er það eitt næg

sönnun fyrir því, að læknisþörfin er ein af brýnustu þörfum þjóðarinnar. En þeirri þörf er ekki fullnægt nema því að eins, að *nýtir* menn fáist í öll hjerads-læknisembættin. Þess vegna *verður* að fara eftir þeirri reynslu, sem fengin er, þeirri staðföstu reynslu, að aldrei hafa fengist læknar í öll hjeruðin, og mjög margir mestu dugnaðarmennirnir meðal ungra íslenskra lækna ekki vilja líta við neinu af þessum embættum. Það er eigi um að villast. Eigi að bæta úr læknaþörf alþýðu manna, þá *verður* að bæta að stórum mun kjör hjeradslæknanna. Hver ráðdeildarsöm þjóð hagar launakjörum embættismanna sinna eftir *aðsókninni* að embættunum, gætir þess, að gera svo við hverja embættisstjett, að *nóg* fáist af *nýtum* mönnum, ekki þar fram yfir — það er óþarfi — en *því stödur* þar undir, því að þá fast ekki nema ljelegir menn og helst til fáir, til stórbaga fyrir þjóðfelagið. Þess vegna verð jeg að taka hart á þessum viðurgerning við lækna. Jeg, sem á að bera umhyggju fyrir heilbrigði þjóðarinnar, verð fyrst og fremst — *þjóðarinnar vegna* — að krefjast þess, að embættislæknum sjeu boðin þau kjör, að *nógir* verði til af *nýtum* mönnum að sækja um þau embætti. Umbætur á kjörum hjeradslækna er blátt áfram *þjóðarnauðsyn* hjer á landi.

Kjör hjeradslækna má bæta á tvennan hátt. a) Með því að hækka föst laun þeirra. b) Með því að skapa þeim hærri borgun en nú gerist fyrir læknisferðir og læknisverk.

Þegar nú þess er gætt, að peningar eru óðum að falla í verði, þá er augljóst, að borgun til lækna fyrir ferðir og læknisverk (sbr. lög nr. 34, 1907, 5. gr., og gjaldskrá fyrir hjeradslækna, 14. febr. 1908) hefir *fallið t gildi* um helming á síðari árum. Læknar *fá* nú í raun og veru ekki nema helmingsborgun fyrir störf sín á við það, sem þeim *ber*, rjett á litið, samkvæmt gildandi lögum.

Af því, sem framan er sagt, er auðsætt, að læknar mega alls ekki við slíkum gifurlegum tekjumissi. Ber því brýna nauðsyn til að tvöfalda nú öll þau gjöld, sem nefnd voru fyrir ferðir og læknisverk. Það er alls engin hækkun frá því, sem ákveðið var 1907—1908, heldur blátt áfram *sjálfsgöð leiðrjettning* vegna peningaverðfallsins.

Sama er að segja um föst laun læknanna. Þau voru ákveðin 1500 kr. 1907, en 1500 kr. þá voru, óhætt að segja, á við 3000 krónur nú.

Ef læknar eiga að halda þeim launum, sem þeim, rjett á litið, eru ætluð í núgildandi landslögum, þá verður nú að greiða þeim helmingi meira að *krónutali* en lög mæla fyrir. Og jeg get ekki betur sjeð en að þeir eigi fulla og rjettmæta heimtingu á því. Jeg fæ ekki sjeð, að það sje nokkur sanngirni í því að láta nú embættismenn í raun og sannleika lifa við helming þeirra launa, sem landslög hafa ætlað þeim, og jeg veit það um læknastjettina, að hún má alls ekki við svo stórkostlegum ójöfnuði.

Vegna alls hins mikla umtals um launakjör embættismanna, leyfi jeg mjer jafnframt að bera upp eina *almenna tillögu* í því vandamáli. Jeg hugsá sem svo. Ef launalög eru sett og peningar eftir nokkur ár stiga stórum í verði, þá fá embættismenn meira en lögin ætluðust til — lögin eru brotin; en falli peningar í verði að stórum mun, þá fá þeir miklu minni laun en lögin ætluðu þeim — lögin aftur brotin. Þess vegna legg jeg til — hvað sem öðru líður —

að sett sju *allsherjarlög* þess efnis, að 4. hvert ár<sup>1)</sup> skuli heimta af hagstofunni skýra grein fyrir verðmætisbreytingu gjaldgengrar myntar, og *leiðrjetta laun allra embættismanna* eftir því. Það er að *halda* launalög, en ekki að breyta þeim. Ef t. d. krónan í eitt skifti telst 20% verðmætari en það ár, er embættismanni voru lögákveðin laun, þá skal nú greiða honum 20% minna en lögin taka til. En hafi krónan lækkað í verði um 20%, þá skal hækka krónutal launanna að sama skapi.

Mjer hafa nú borist kröfur frá þeim hjeraðslæknum, núverandi og fyrverandi, sem landssíminn nær til, um 70% dýrtidarviðbót við laun eða eftirlaun þeirra fyrir árið 1916.

Leyfi jeg mjer hjer með að senda hinu háa stjórnarráði þessi skjöl, brjef og símskeyti, 38 að tölu. Og jafnframt leyfi jeg mjer að sækja um sömu dýrtidarviðbót við laun þeirra fáu hjeraðslækna, sem ekki hafa getað komið skeytum til mín.

Það liggur í hlutarins eðli, að jeg tel mig sjálfan eiga heimtingu á samskonar leiðrjettingu á launum mínum, sem sje að minsta kosti 70% viðbót við þau að krónutali. — Það er satt og rjett frá sagt, að jeg, sem hef þungt heimili, get nú alls ekki lengur sjeð fyrir fjölskyldu minni með embættislaunum mínum, vegna peningaverðfallsins. En jeg er orðinn ofgamall til að leita mjer annarar atvinnu, hef nú líka verið 20 ár í þjónustu þjóðarinnar.

Jeg vona og býst við, að hið háa stjórnarráð veiti þessari málaleitan minni fyrir hönd læknastjettarinnar fulla athygli, og geri Alþingi ljósa grein fyrir henni.

Virðingarfylst.

G. Björnson.

Til stjórnarráðsins.

---

<sup>1)</sup> Eða oftár ef ástæða er til.

## Fylgiskjal IV.

Reykjavík, 12. desember 1916.

Á fundi meðal starfsmanna landsins, í Reykjavík 3. des., var oss undirrituðum falið að bera fram fyrir stjórn og þing óskir þeirra um, að þeim verði veitt dýrtíðaruppbót vegna hinnar geypilegu verðhækkunar á flest-öllum nauðsynjavörum síðan heimsstyrjöldin hófst.

Samkvæmt þessu leyfum vjer oss hjer með að fara þess á leit við hið háa stjórnarráð, að það hlutist til um það við Alþingi, sem nú er komið saman, að öllum starfsmönnum landssjóðs verði veitt slík uppbót á launum þeirra, að það bæti þeim upp það launatap, sem þeir hafa orðið fyrir síðan ófriðurinn hófst, vegna dýrtíðarinnar, og að ráðstafanir verði gerðar um samskonar uppbót framvegis, meðan ástandið ekki breytist til batnaðar.

Alþingi hefir sjálft viðurkennt það með lögunum um dýrtíðarupphót, frá 1915, að landssjóði beri að bæta eitthvað úr afleiðingum dýrtíðarinnar fyrir hina lægst launuðu starfsmenn landsins. En lögin, og ekki síður umræðurnar um þau á þinginu, virðast þó bera það með sjer, að það hafi verið ríkast í huga þingmanna, að hjálpin yrði að eins til að forða hinum allra bágstöddustu starfsmönnum landsins frá því að fara á sveitina. Þess vegna eru líka settar svo ríkar skorður við því, að nokkur geti orðið hjálparinnar aðnjótandi, sem tekist hefir sjálfum að koma tekjum sínum upp fyrir 2000 kr., ef hann er fjölskyldumaður, enda þótt maðurinn hafi orðið að leggja á sig aukastörf til þess. En vjer mótmælum því, að dýrtíðaruppbótina beri að skoða sem nokkurn fátækrastryrk, heldur ber landssjóði siðferðileg skylda til þess sem vinnuveitanda, að bæta öllum starfsmönnum sínum þann halla, sem þeir verða fyrir vegna dýrtíðarinnar, að minsta kosti svo, að þeim sje unt að afla sjer jafnmikils sem áður af allskonar nauðsynjum. Ef launin ekki hrökkva til þess, verða menn annaðhvort að lifa á lánum og eiga þá á hættu að verða ósjálfstæðir skuldaþrælar, sem er lítt sæmandi starfsmönnum þjóðfjelagsins, eða menn verða að leggja á sig hverskonar aukastörf til þess að jafna hallann, eða þá lækka kröfurnar til lífsins og sætta sig við verri kjör heldur en áður. En er landssjóði það sæmandi sem vinnuveitanda, að þrýsta starfsmönnum sínum þannig niður á við? — Þegar fyrir stríðið komu kvartanir frá ýmsum embættismönnum um, að laun þeirra væru oflág, og þá var það viðurkennt af þinginu 1913, að þær kvartanir væru á rökum byggðar, þar sem þingið veitti ýmsum embættismönnum launaviðbót á fjárlögum (raunar harla mikið af handahófi). En ef launin hafa verið oflág fyrir stríðið, svo að ástæða hafi verið til að bæta þau upp, þá er þó margfalt meiri ástæða til þess að bæta þau svo upp nú í dýrtíðinni, að þau ekki verði miklu minna virði heldur en fyrir stríðið. Og það er því fremur ástæða til að krefjast þessa, sem tekjur landssjóðs hafa aukist stórkostlega vegna styrjaldarinnar, en útgjöldin hins vegar harla lítið, eða að minsta kosti hvergi nærri að því skapi.

Því var skotið fram í umræðunum um dýrtíðaruppbótina í þinginu 1915, að hún væri meðal annars fram komin til þess að fara að dæmi ein-

stakra vinnuveitenda, sem veitt hefðu starfsmönnum sínum dýrtíðaruppbót. Þetta verðum vjer að álíta að sje algerlega öfugt. Landssjóður á að ganga á undan öðrum vinnuveitendum í því að láta sjer farast vel við starfsmenn sína. Í því atriði á landssjóður að vera fyrirmynd annara vinnuveitenda, en ekki sigla hálfnauðugur í kjölfar þeirra.

Dýrtíðaruppbótin, sem samþykkt var á þinginu 1915, var fyrst veitt rjett fyrir árslok 1915. Þá hafði stríðið staðið töluvert á annað ár og margar helstu nauðsynjavörur farið síhækkandi í verði, svo að þær voru orðnar þriðjungu dýrari að meðaltali heldur en fyrir stríðið. En fyrir þann tíma, sem liðinn var af stríðinu og dýrtíðinni, var engin uppbót veitt. Þetta hefði nú verið sök sjer, ef dýrtíðin hefði að eins staðið eitt ár, en nú magnaðist hún einmitt á þessu ári svo mjög, að uppbótin, sem miðuð var við ástandið sumarið 1915, og þó mjög numin við neglur sjer, reyndist algerlega ónóg þeim, sem urðu hennar aðnjótandi, svo að þeir munu ekki hafa verið betur settir þetta ár með uppbótina, heldur en árið áður uppbótarlausir. En þeir, sem enga uppbót fengu, voru auðvitað hálfu ver settir, er annað árið hálfu lakara tók við af hinu. Það er því enn þá fullkomin ástæða til þess að veita starfsmönnum landsins uppbót fyrir allan tímenn síðan ófriðurinn hófst, en ef það þykir ekki tiltækilegt að grípa svo langt aftur í tímenn, þá þyrfti að minsta kosti að hafa uppbótina fyrir þetta ár (1916) ríflega, þar eð engin uppbót hefir verið veitt fyrir árin 1914 og 1915.

Það verður að vísu ekki sýnt með nákvæmum tölum eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, hversu dýrara nú er orðið að lifa hjer yfirleitt heldur en fyrir stríðið. Að því er Reykjavík snertir, má þó hafa töluverðan stuðning af skýrslum þeim um smásöluverð í Reykjavík, sem hagstofan hefur birt í Hagtiðindunum. Þar er skýrt frá verðinu í byrjun hvers ársfjórðungs, síðan ófriðurinn hófst, á flestum matvörum, svo og sápu, steinolíu og kolum (alls 63 vörutegundum). Þegar tekið er meðaltalið af verðhækkun þessara vörutegunda, hefur hún verið svo sem hjer segir, miðað við verðið í júlí 1914.

Október 1914	10%
Janúar 1915	16—
April	— 25—
Júlí	— 30—
Október	— 33—
Janúar 1916	39—
April	— 51—
Júlí	— 63—
Október	— 71—

Þetta meðaltal er að eins einfalt meðaltal af verðhækkun allra varanna, og því ekki nákvæmur mælikvarði þess, hversu útgjöld manna til þessara vörutegunda hafa aukist, því að lítil verðhækkun á einstökum vörum, sem mikið er notað af, hækkar miklu meira útgjöldin heldur en tiltölulega meiri verðhækkun á ýmsum vörum, sem lítið er notað af.

Til þess að fá nokkru ljósari hugmynd um, hvernig verðhækkuninni er varið, höfum vjer skift þeim 63 vörutegundum, sem nefndar eru í síðasta vöruverðs-yfirliti hagstofunnar (fyrir okt. þ. á.) í 3 flokka, þannig að í 1. flokki eru teknar þær vörutegundir, sem telja má mestar nauðsynjavörur, í 3.

flokki þær, sem helst má telja munaðarvörur, en í 2. flokki þær, sem þar eru í milli. Í 1. flokki hafa verið teknar 22 vörutegundir [rúgbrauð, hrisgrjón, hafragrjón, kartöflur, melis högginn og óhögginn, strausykur, púðursykur, smjörlíki, nýmjólk, mysuostur, kindakjöt nýtt og saltað, nýr fiskur, lúða, saltfiskur (þorskur og upsi), trosfiskur, sódi, grænsápa, steinolía og kol]; í 3. flokki 9 vörutegundir (aprikósur, epli þurkuð og ný, súkkulaði, egg, hangikjöt, kálfskjöt, flesk saltað og reykt); en í 2. flokki þær 32 vörutegundir, sem þá eru eftir. Meðaltalið af verðhækkuninni í hverjum flokki verður þá:

Í 1. flokki (22 vöruteg.)	73 <sup>o</sup> / <sub>o</sub>
- 2. — (32 — )	72—
- 3. — ( 9 — )	62—

Þetta sýnir, að verðhækkunin er tiltölulega heldur minni á þeim vörum, sem helst má telja munaðarvörur, en því meiri á hinum. Þessi skifting virðist því benda til þess, að einfalda meðaltalið af verðhækkun allra varanna gefi ekki ofháar hugmyndir um verðhækkunina.

Ef þeim vörutegundum, sem hjer er um að ræða, er skift í flokka þannig, að nokkurn veginn samkynja vörur verði í hverjum flokki, þá verður meðalverðhækkunin á hverjum flokki (í okt. þ. á.) svo sem hjer segir (flokkunum raðað eftir verðhækkun):

Flokkur	Tala vöruteg.	Verðhækkun
Kol . . . . .	1	172 <sup>o</sup> / <sub>o</sub>
Ostur og egg . . . . .	3	95—
Kornvörur . . . . .	11	89—
Kjöt . . . . .	6	80—
Ávextir . . . . .	5	79—
Sódi og sápa . . . . .	4	78—
Sykur . . . . .	5	71—
Steinolía . . . . .	1	67—
Brauð . . . . .	3	65—
Flesk og hangikjöt . . . . .	3	64—
Kartöflur, rófur, kál . . . . .	4	62—
Fiskur . . . . .	5	61—
Smjör og feiti . . . . .	4	56—
Salt . . . . .	1	44—
Te, kakaó, súkkul. . . . .	3	42—
Mjólk . . . . .	1	36—
Kaffi . . . . .	3	11—

Yfirlit þetta sýnir, að hin afarmikla verðhækkun á kolum, kornvörum og kjöti hlýtur að vera mönnum mjög tilfinnanleg.

Til þess að fá sem ljósasta hugmynd um verðhækkunina, þyrfti að taka meðaltal af verðhækkun allra flokkanna, þannig að hver flokkur væri látinn gilda því meira, sem útgjöld manna til hans væru meiri. Vjer höfum í svipinn að eins getað miðað lauslega við einn reikning 1915—1916 frá fámennri fjölskyldu (að eins 3). Þegar flokkunum er veitt svipað gildi sem útgjöldunum í þeim reikningi, verður meðaltalið af verðhækkuninni (í okt.

þ. á.) 71%, eða sama sem einfalda meðaltalið af öllum vörunum. Við nánari útreikning á einstökum vörum má vera, að þetta meðaltal breytist eitthvað, en þó varla mjög mikið. Þetta er sett hjer sem lítið dæmi, en ekki sem traustur grundvöllur til að byggja á, því að auðvitað skiftast útgjöld manna mismunandi niður á flokkana, bæði eftir því, hve margir menn eru í heimili og hve miklu er úr að spila, og svo eftir háttum og siðvenjum hvers eins, og því ekki gerlegt að setja upp hlutfall, sem gildi fyrir alla. Þyrfti því, ef vel væri, að hafa reikninga frá allmörgum mönnum með mismunandi tekjum og misstórum fjölskyldum.

Annars er varla við því að búast, að meðaltalið á þessum vörum mundi yfirleitt verða neitt verulega lægra þó að tekið væri tillit til útgjalda-upphæðarinnar til hverrar vörutegundar, því að einmitt á sumum mestu nauðsynjavörunum, svo sem kolum, kjöti og rúgbrauði, hefur verðhækkunin verið langmest. Um þessar vörur munar mest í útgjöldunum, og þær hafa því mest áhrif á meðaltalið. Með þessum vörum má telja hjer í Reykjavík gas til suðu og ljósa, og verður það til að hækka meðaltalið, því að það hefir hækkað um 100% síðan stríðið byrjaði, en er víðast hvar allálitlegur útgjaldapóstur.

Það mun því varla fjarri sanni, að til þess að afla sjer sömu birgða af matvörum, eldsneyti og ljósmeti og sápu, sem fyrir stríðið, mundu menn yfirleitt hafa þurft nálægt 70% hærri peningaupphæð í síðastl. októbermánuði; tekjulágar og fjölmennar fjölskyldur líklega tiltölulega hærri upphæð. En síðan hagstofan gerði síðasta vöruverðsyfirlitið (fyrir byrjun októbermánaðar), hefir mjög mikil hækkun orðið á ýmsum nauðsynjavörum, þar á meðal t. d. mjólk og sykri, og það er helst útlit fyrir, að sú verðhækkun muni aukast eftir því sem lengra líður og alveg ósjeð um, hvenær lát verður á því.

Af öðrum nauðsynjum, er nefndar hafa verið, gætir langmest húsaleigu eða kostnaðar við húsnæði og svo fatnaðar allskonar. Skýrslur vantar um það, hversu dýrara þetta er orðið nú heldur en fyrir ófriðinn, en svo mikið er víst, að hvorttveggja er orðið miklu dýrara.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hvilik vandræði urðu hjer í Reykjavík vegna húsnæðisleysis síðastliðið haust, þar sem fjöldamargar fjölskyldur gátu alls ekkert húsnæði fengið. Síðan stríðið byrjaði hefir byggingarefni hækkað geypilega í verði, enda hefir verið lítið um húsabyggingar, og þau hús, sem hafa verið byggð, orðið mjög dýr. Húsaleiga hefir því hækkað mjög mikið yfirleitt, en sú hækkun hefir komið mjög mismunandi niður á mönnum. Þeir, sem áttu hús sin fyrir stríðið, þurfa nú varla að kosta meiru til húsnæðis heldur en þá, og sama er að segja um þá, sem leigt hafa til margra ára eða fá að sitja við gamlan leigumála. En allir aðrir hafa orðið að sætta sig við meiri eða minni hækkun á húsaleigu og þar á meðal er víst mestur hlutinn af starfsmönnum landssjóðs, að minsta kosti allur þorrinn af hinum launalægri. Það er ekki eins dæmi, að húsaleiga hjer í Reykjavík hæfi hækkað um 100% eða þar yfir síðan ófriðurinn byrjaði, en 50% hækkun mun mega kallast mjög algeng.

Að segja nokkuð ákveðið um verðhækkun á fatnaði, síðan stríðið hófst, er mjög erfitt. Þar undir heyra mjög margar vörur og ósamkynja, því að smekkurinn er misjafn og kröfurnar líka. En vjer höfum ráðgast við

nokkra menn hjer í Reykjavík, sem slíkar vörur selja, vefnaðarvörukaupmenn, skraddara og skósmiði, og hafa þeir giskað á, að á almennum fatnaði muni verðhækkun síðan stríðið byrjaði hafa numið 30–50% eða ef til vill 40% til uppjafnaðar, en á skófatnaði riflega 50%.

Þau útgjöld, sem nú eru talin, eru helstu nauðsynjaútgjöldin, og við þau virðist dýrtíðaruppbótin einkanlega eiga að miðast. Þar, sem safnað hefir verið útgjaldareikningum meðal almennings, hefir það sýnt sig, að í venjulegu árferði ganga nálægt  $\frac{4}{5}$  af öllum útgjöldunum meðal láglaunaðra verkamanna til þessara útgjalda (í Danmörku eru verkamenn með undir 1200 kr. taldir til þessa flokks). Meðal betur launaðra verkamanna nema þau aftur nokkru minni hluta af útgjöldunum, og meðal tekjuhærri manna (t. d. upp við 6000 kr.) komast þau niður í  $\frac{3}{5}$  af öllum útgjöldunum, og er þá talið þar með það, sem gengur til fæðis vinnufólks og yfirleitt til hjúahalds, sem varla kemur til greina meðal verkafólks og hinna lægst launuðu starfsmanna. Þar sem rannsóknunum, sem um þetta hafa verið gerðar erlendis, kemur furðanlega vel heim, en um þetta vantar allar skýrslur hjer, þá virðist ekki órjettmætt að bafa af þessu nokkra hliðsjón. Af því leiðir, að ef dýrtíðaruppbótin miðast við þessi útgjöld, þá á hún að vera tiltölulega hærri fyrir hina launalægri starfsmenn heldur en hina launahærri, en stighækkunin af þessum sökum verður þó ekki mjög mikil. Ef uppbótin væri t. d. 100% af þessum útgjöldum, þá myndi hún verða 80% af öllum launum hinna tekjulægstu, en 60% af launum hinna tekjuhæstu. En auk þess ber að taka tillit til þess, að hinir tekjulægstu starfsmenn þurfa að verja tiltölulega miklu meiri hluta af tekjum sínum til matvöru og eldsneytis heldur en hinir launahærri, en á þessum vörum hefir verðhækkunin verið mest, og af því leiðir, að hinir tekjulægri eiga að fá tiltölulega meiri uppbót, miðað við öll þau nauðsynjaútgjöld, sem hjer hefir verið talað um. Ef gengið er út frá því, að dýrtíðaruppbótin eigi að vera 70% af útgjöldum til matvöru, eldsneytis og ljósmetis, 50% af útgjöldum til húsnæðis og 40% af útgjöldum til fatnaðar, og ef gert er ráð fyrir, að útgjöld hinna lægst launuðu starfsmanna í venjulegu árferði skiftist líkt og lágt launaðra verkamanna í Danmörku (55% til matvöru, ljóss og hita, 14% til húsnæðis og 12% til fatnaðar), þá ætti dýrtíðaruppbótin að vera 51% af laununum. Til húsnæðis má sjálfsgert gera ráð fyrir, að lægst launuðu starfsmenn landssjóðs verði að verja meiri hluta af tekjum sínum heldur en verkamenn í Danmörku, líklega nálægt  $\frac{1}{5}$ ; ef það gengur hvorki út yfir mat nje fatnað, heldur önnur útgjöld, þá ætti það að hækka dýrtíðaruppbótina upp í 54%. Það virðist og rjett, að nokkur dýrtíðaruppbót yrði einnig veitt af »öðrum útgjöldum«, tiltölulega mest þeim tekjulægstu, en minna hinum tekjuhæstu. Ef hún væri 50% handa þeim tekjulægstu, kæmist dýrtíðaruppbót þeirra við það upp í 60%. Þegar nú enn fremur má gera ráð fyrir, að verðhækkun á matvörum, eldsneyti og ljósmeti fari töluvert fram úr 70% fyrir hina tekjulægstu, þá hækkar við það dýrtíðaruppbótin fyrir þá, og virðist hún varla mega vera lægri en 70% af öllum tekjum hinna tekjulægstu starfsmanna fyrir árið 1916, ef að eins er tekið tillit til þessa eina árs. En annars ætti hún að vera hærri, eins og síðar mun vikið að. Sú dýrtíðaruppbót, sem þegar hefir verið greidd á þessu ári, dregst að sjálfsgöðu frá.

Vjer höfum gengið út frá þeirri verðhækkun, sem orðin var á mat-



vörum og eldsneyti í byrjun októbermánaðar síðastl. Það kynni nú að virðast eðlilegra að ganga heldur út frá verðhækkuninni í júlímánuði til þess að miða við dýrtíðaruppbót fyrir alt árið 1916. En þegar tekið er tillit til þess, að einmitt á haustin verða menn að birgja sig upp til vetrarins af þeim vörum, sem þyngstar eru á metunum, svo sem kolum og kjöti, þá virðist einmitt rjettast að miða við verðhækkunina á þeim tíma.

Í lögnum um dýrtíðaruppbót, frá síðasta þingi, er svo ákveðið, að hæstu uppbót fá fjölskyldumenn, sem hafa lægri tekjur en 500 kr. Að setja markið svo lágt virðist oss ekki geta náð neinni átt, því að það væri lítt samsandi, ef nokkur fjölskyldumaður væri í þjónustu landsins, sem verði öllum kröftum sínum í þess þarfir og hefði ekki 500 kr. til að lifa á. Vjer verðum að álíta, að þeim mönnum, sem eru svo lágt launaðir, sje ekki ætlað að lifa á þeim launum eingöngu, heldur hafa þau jafnhliða einhverju öðru. Launamarkið hefir verið sett svo lágt fyrir hæstu uppbótina, að varla er hugsanlegt, að hún komi til framkvæmda, en uppbótin er orðin sáralítill, þegar komið er að þeim tekjum, er helst þurfa uppbótar við. Þetta hefir gert það að verkum, að dýrtíðaruppbót þessi hefir komið að sáralitlum notum. Oss hefir verið sagt, að á þessu ári muni alls hafa verið greiddar 16 þúsund krónur í dýrtíðaruppbót samkvæmt lögum þessum, og nemur það þá líklega nálægt 4% af allri launahæð þeirri, sem greidd er úr landssjóði, og sjá allir, hve hverfandi sú launabót er í samanburði við verðhækkunina á nauðsynjavörum. Og þegar þess jafnframt er gætt, að útlit er fyrir að landssjóður fái yfir  $\frac{1}{2}$  milljón kr. tekjur á þessu ári beinlínis vegna ófriðarins og dýrtíðarinnar (verðhækkunartollur), þá er auðsætt, að hann hefir ráð á því að sýna meiri rausn við starfsmenn sína. En sjerstaklega virðist þó mega krefjast þess, að ekki sje verið að veita dýrtíðaruppbót *ad eins* á pappírnum, með því að láta hæstu uppbætturnar að eins koma á launaflokka, sem varla fyrirfinnast. Vjer álitum, að launahámarkið, sem veiti rjett til tiltölulega hæstu uppbótar, megi ekki vera lægra heldur en 1500 kr. Menn, sem eiga fyrir öðrum að sjá en sjálfum sjer og hafa ekki 1500 kr. tekjur, eiga svo erfitt með að komast af, að þeir eiga sannarlega heimtingu á því að fá tiltölulega hæstu uppbót, sem ákveðin verður.

Í dýrtíðaruppbótarlögnum frá 1915 er ákveðið, að enginn skuli fá uppbót, sem hefir yfir 2000 krónur í tekjur. Þetta hámark álitum vjer, að ekki ná nokkurri átt, og eftir því, sem launakjörum embættismanna hjer er háttað, virðist oss ástæðulaust að setja nokkurt slíkt hámark. Íslenskir embættismenn eru ekki svo hálaunaðir, að þeir geti lagt nokkuð teljandi frá af launum sínum til þess að standast slíka dýrtíð, sem nú geisar yfir. Allir starfsmenn landsins eiga því heimtingu á að fá uppbót á launum sínum í þessari tíð, hvort sem laun þeirra eru hærri eða lægri; þó að uppbótin fari tiltölulega lækkandi eftir því sem launin bækka, verður sú hlutfallslækkun að vera *jöfn og hægjara*, en ekki með stórum stökkum og ekki fara niður úr ákveðnu hlutfalli.

Í lögnum frá 1915 er gert ráð fyrir að ýmsar aukatekjur, er menn hafa fyrir utan launin, útiloki dýrtíðaruppbót eða lækki hana. En ef að eins er um það að ræða, að maður hefir orðið að leggja á sig meiri vinnu til þess

einhvern veginn að komast af, þá virðist lítil sanngirni mæla með því, að sú fyrirhöfn sjálfs hans leysi landið undan skyldunni til að bæta laun hans, eða dragi úr henni.

Lögin frá 1915 ná að eins til þeirra, sem eru í sýslunum og embættum, en ekki til þeirra, sem njóta eftirlauna. Uppástunga kom að vísu fram um það á þinginu, en náði ekki fram að ganga. Með því að eftirlaunin eru nokkur hluti af laununum, sem greiddur er eftir á, í því skyni, að sá, sem fær þau, noti þau sjer til framfæris, virðist sanngjarnt og sjálfsagt, að sömu reglur sjeu látnar gilda að þessu leyti um eftirlaun sem önnur laun, þannig að tekið sje tillit til árferðisins, þegar þau eru útborguð, og að þau sjeu bætt upp vegna dýrtíðarinnar, enda munu þeir, sem njóta þeirra, fæstir vera svo vel stæðir, að þeir hafi vanþörf fyrir slíka nppbót.

Loks teljum vjer sjálfsagt, að landssjóður veiti eigi að eins dýrtíðaruppbót þeim starfsmönnum sínum, sem taka föst laun, heldur og öllum þeim, sem vinna ákveðin verk í landsins þjónustu fyrir kaup, með því að hækka kaupgjald þeirra vegna dýrtíðarinnar.

Vjer höfum getið þess hjer að framan, að vjer álitum fulla ástæðu til þess, að landið veiti starfsmönnum sínum uppbót fyrir það launatap, sem þeir hafa orðið fyrir frá því er ófriðurinn hófst og til ársloka 1915. Að minsta kosti var verðhækkun á nauðsynjum orðin svo mikil 1915, að erfitt mun að neita því, að landssjóði beri að bæta starfsmönnum sínum þann halla, sem þeir hafa orðið fyrir það ár. En auðvitað mætti sú uppbót vera hálfu lægri heldur en fyrir árið 1916. Ef menn nú samt sem áður ekki vilja seilast svo langt aftur í tímann, þá virðist þó einsætt, að taka verði eitthvert tillit til þess, þegar dýrtíðaruppbót er ákveðin fyrir 1916, *að engin uppbót hefir verið veitt fyrir árið 1915*. Einkum er óhjákvæmilegt að taka það til greina, þegar ákveðin er dýrtíðaruppbót hinna lægstlaunuðu starfsmanna, og ef fult tillit er tekið til þess, mundi líklega ekki ósanngjarnt, að tiltölulega læsta dýrtíðaruppbót fyrir 1916 yrði látin vera 100%.

Vjer teljum brýna nauðsyn á því, að dýrtíðaruppbótin fyrir næsta eða næstu ár verði útborguð um leið og launin. En aftur á móti virðist ókleift fyrir Alþingi, sem nú stendur yfir, að ákveða rjettláta og sanngjarna dýrtíðaruppbót fyrir allt næsta ár, og því síður fyrir 1918, þar eð það er á einskis manns færi að sjá það fyrir, hve lengi allar nauðsynjar muni halda áfram að hækka í verði. En heppilegasta leiðin til þess að bæta úr þessu virðist oss vera sú, að Alþingi gefi landsstjórninni umboð til að hækka eða lækka dýrtíðaruppbótina, alt eftir því sem hið núverandi ástand kynni að breytast verulega til hins verra eða til hins betra.

Virðingarfylst.

Agúst H. Bjarnason.                      G. T. Zoëga.                      Gísli J. Ólafson.  
Ole B. Blöndal.                      Þorst. Þorsteinsson.

Til stjórnarráðs Íslands, Reykjavík.